

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Fáskrúðsfirði



Dags eftirlits	11.6.2014	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Rögnvaldur Kári	Staðsetning	736509,507 500987,545

Niðurstaða eftirlits

Við eftirlit kom ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Ein athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

Umfang eftirlits

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók í stöð Olíudreifingar á Fáskrúðsfirði, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Skráningar í rekstrarhandbók voru í góðu lagi.

Allar mælingar sem kröfur eru gerðar um í starfsleyfi eru í góðu lagi. Botnþykktarmæla skal einn geymi, T0049, á árinu. Komið er að þrýstiprófunum á lögnum og kom fram í eftirliti að fyrirhugað er að þrýstiprófa allar lagnir í stöðinni á árinu. Skila skal niðurstöðum prófana á árinu. Tvær olíuskiljur eru í stöðinni, önnur þjónar mengunarvarnarpíprótti en hin áfyllingarplani. Báðar skiljurnar komu vel út út olíuprófinu og voru þjónustaðar í september 2013.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru rekstrarhandbók.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymar skoðaðir, svo og lekavarnir (þró) og olíuskiljur. Loki í frárennsli þróar stóð lokaður. Áfyllingarplön voru skoðuð. Girðingar og hlið voru í lagi.

Ábendingar

Ein athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

Tengi fyrir dælingu af bílum inn á stöðina er utan áfyllingarplans þar sem aðgengi fyrir olíubíla með aftanívagna er gott. Skoðaðir voru aðrir möguleikar þar sem olíubílar geta staðið á áfyllingarplani við dælingu. Niðurstaðan var sú að tengja sig inn á lögn í dæluhúsi við áfyllingarplan.

Nú hefur verið tilkynnt að fyrri aðstaða hafi verið aflögð og nú fari allar dælingar fram á áfyllingarplani og verður ekki frekari eftirmáli af þessu.

Annað

Umbunarkerfi

Umhverfisstofnun hefur ákveðið að umbuna fyrirtækjum sem standa sig vel í umhverfismálum með því að geta þess sérstaklega á heimasíðu stofnunarinnar hvaða fyrirtæki eru frávíkalaus við eftirlit ársins. Olíubirgðastöðin á Fáskrúðsfirði var frávíkalaus á árinu 2013 (sjá heimasíðu, ust.is)

Reykjavík, 27.06.2014



Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta

